



Opinn fundur

18. október 2017

Kristinn skólameistari hóf fundinn og bauð alla velkomna.

Rebekka formaður NFFG kynnti stjórn nemendafélagsins og sagði frá Salsaballinu, Salsaballið verður 2. nóvember. Sýnt var kynningamyndband. Miðasalan verður í skólanum. Rebekka sagði frá því að skemmtikvöld yrði 9. nóvember. Formaður leikfélagsins sagði frá því að Verðandi myndi frumsýna barnaleikrit í byrjun nóvember. Skráningar vegna söngleiks hefjast fljótlega. Auglýst verður eftir fólki til að starfa að söngleiknum.

Rebekka var ánægð með hvernig FG/Flensborg dagurinn heppnaðist og fékk klapp fyrir.

Daníela kynnti samning við Nova.

Rebekka baðst afsökunar á því að 100 ljósmyndir hafi glatast, ljósmyndir sem átti að nota á nemendaskírteinin. Rebekka sagði frá því að verið sé að stofna hóp innan skólans í samvinnu við Amnesty International. Þórkatla sagði að markmið hópsins væri að láta gott að sér leiða, safna fyrir góðgerðamálum.

Spurning 1 úr sal: Er hægt að koma aftur með skógrindur?

Kristinn: Skógrindur og snagar voru fjarlægðir til að koma í veg fyrir þjófnað. Nægilegt framboð er af skápum. Ef fleiri skápa vantar verður bætt við. Snagar og skógrindur verða ekki settar upp aftur.

Spurning 2 úr sal: Hvernig væri að hætta með plastílát í hafragrautnum? Það að vera með plast er óumhverfisvænt. Hvað með mjólk fyrir þá sem eru með mjólkuróþol? Er hægt að fá gervisykur?

Kristinn: Þetta er mikilvægt mál og þarf að skoða vel. Nemendur sem koma með eigin ílát fá grautinn ókeypis. Ég er ekki hrifinn af gervisykri, skoða þarf hvort hægt sé að koma til móts við þá sem eru með mjólkuróþol.

Spurning 3 úr sal: Ég er með ofnæmi fyrir gufu úr veipi. Er ekki hægt að stoppa það innan veggja skólans?

Kristinn: Alveg sammála, það er ekki leyfilegt að veipa innan veggja og á lóð skólans.

Spurning 4 úr sal: Væri hægt að taka upp flokkun á lífrænum úrgangi?

Kristinn: Réttmæt athugasemd, við munum skoða það vel.

Spurning 5 úr sal: Hvenær koma nemendaskírteinin?

Rebekka: 300 kort eru komin í prentun. Allt að gerast.

Spurning 6 úr sal: Af hverju þurfa nemendur á náttúrufræðibraut að taka tungumál, íslensku og bókmenntir?



Kristinn: Aðalnámskrá segir hve mikið á að taka að lágmarki í tungumálum og íslensku. Kennarar í viðkomandi greinum þurfa að svara fyrir innihald áfangana.

Spurning 7 úr sal: Er hægt að fá aftur glös í mötuneyti nemenda?

Kristinn: Vandinn var hve mörg glös voru brotin. Við munum reyna aftur innan tveggja vikna.

Spurning 8 úr sal: Af hverju má ekki mála salinn svartan?

Kristinn: Salurinn er ekki bara fyrir leiklist og að hafa hann allan svartan væri kannski of mikið. Einnig ráða arkitektar miklu um litarval í skólanum. Breytingar hafa verið gerðar á fyrirlestrasalnum að ósk leiklistarinnar. Við erum í viðræðum við arkitektana um breytingar á salnum.

Spurning 9 úr sal: Ertu ekki hér að benda alltaf á aðra? Fyrst aðalnámskrá og svo arkitekta?

Kristinn: Við ráðum sumu en öðru ekki.

Emilía frá Verðandi: Ég hef setið á fundi með arkitektum, þeir eru jákvæðir en samtalið heldur áfram.

Fundi slitið kl. 10:50

Fundarritari. Guðmundur Gíslason.